

**Ed.**

**360. Breytingartillögur**

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 16%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 48%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 425 000 kr.